

Mál nr. 563/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Heimilisvernd/Innbúskaskó.

Tjón á málverki vegna flutninga þ. 5.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.28.12.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
2. Bréf V dags. 11.1.2013

Málsatvik.

Málverk var flutt innpakkað og sett inn í herbergi og lagt upp við ofn. Málverkið stóð í einhvern tíma upp við ofninn og þoldi ekki hitann og sprakk og á því voru upphleyptar bólur og för eftir bylgjupappa og var málverkið metið ónýtt. M krefst bóta úr Innbústryggingu sinni hjá V og telur að tjónið hafi verið skyndilegt, óvænt og ófyrirséð. V hafnar bótaskyldu og segir að málverkið hafi verið við heitan ofn í 19 daga sem varð til þess að það eyðilagðist. V segir að skemmdir á málverkinu hafi orðið á löngum tíma og því ekki um skyndilegan atburð að ræða. V vísar til greinar 4.9. þar sem fram kemur að tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika séu bótaskyld og telur tjón M ekki falla undir það.

Álit.

Eins og atvikum er lýst í máli þessu verður ekki annað séð en málverkið skemmist vegna þess að það er geymt við heitan ofn í marga daga. Ekki er annað leitt í ljós en að málverkið hafi verið að skemmast í nokkurn tíma og því fyrir það girt að um skyndilegan tjónsatburð sé að ræða. Með vísan til greinar 4.9. í vátryggingaskilmálum þeim sem um ræðir á M því ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr innbústryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.